



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 21. mars 2018

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um Matvæli og dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, 330. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök iðnaðarins og SVP - Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) þakka fyrir tækifæri til að koma að athugasemdum vegna frumvarpsins.

Um 1. gr. Samtökin fagna ákvæði 1. gr. frumvarpsdraganna sem kveður á um heimild til að draga úr tíðni eftirlits hjá matvælafyrirtæki sem hefur vottun frá faggiltum aðila um að innra eftirlit fyrirtækisins uppfylli kröfur og reglur.

Ákvæði 2. gr. draganna gerir opinbera birtingu niðurstaðna úr flokkun á frammistöðu fyrirtækja, sbr. 7. mgr. 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, skyldubundna. Í greinargerð er frammistöðuflokkun matvælafyrirtækja lýst. Fyrirtæki eru flokkuð í áhættuflokka sem ákvarða hver grunneftirlitsþörf er í hverri starfsstöð og viðbótartímum svo bætt við vegna eftirlits með merkingum matvæla. Frammistöðuflokkun fyrirtækja ræðst af frammistöðu þeirra samkvæmt mati eftirlitsaðila. Flokkunin hefur áhrif á hve mikið eftirlit viðkomandi fyrirtæki er talið þurfa og þau hafa ávinning af því að standa sig vel, bæði hvað varðar umfang eftirlits og kostnað. Samtökin gera ekki athugasemdir við flokkunina sem slíka, þ.e. hvernig Matvælastofnun flokkar fyrirtæki inn á við í starfsemi sinni til að halda utan um fjölda nauðsynlegra eftirlitsheimsókna.

Hins vegar leggjast samtökin alfarið gegn opinberri birtingu frammistöðuflokkunar fyrirtækja í A, B og C flokka. Flokkunin varð til í öðrum tilgangi en þeim að upplýsa neytendur um frammistöðu fyrirtækja og telja samtökin varhugavert að nýta hana í þeim tilgangi enda óttast samtökin að frammistöðuflokkunin geti verið misvísandi. Hafa ber í huga að fyrirtæki í öllum framangreindum flokkum uppfylla í aðalatriðum kröfur sem lög og stjórnvaldsfyrirmæli gera til matvælafyrirtækja og hafa fullgild leyfi til starfsemi sinnar. Hins vegar telja samtökin hætt við því að neytendur líti á fyrirtæki í B og C flokki sem annars flokks fyrirtæki og forðist að stunda viðskipti við þau, þrátt fyrir að flokkunin feli það alls ekki í sér. Samtökin óttast að opinber birting á frammistöðuflokkun fyrirtækja sé til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á fyrirtæki í framangreindum flokkum sem byggist á misskilningi á merkingu þess að vera í B og C flokki. Slíkt er óásættanlegt.

Samtökin telja að flokkun fyrirtækis með fullgilt starfsleyfi sem annars eða þriðja flokks sé íþyngjandi ákvörðun gagnvart viðkomandi fyrirtæki og að stjórnvöldum beri að hafa meginreglur stjórnsýsluréttar að leiðarljósi við töku slíkra ákvarðana. Það verður að hafa í huga að þótt gerðar séu ábendingar eða kröfur um úrbætur við eftirlitsheimsókn þá bregðast fyrirtækin yfirleitt fljótt við þeim kröfum sem gerðar



eru. Þannig geta athugasemdir sem gerðar eru einungis átt við um skamma hríð en fyrirtækin geta búið við einkunnina í mun lengri tíma.

Samtökin leggjast ekki gegn því að neytendur geti nálgast upplýsingar um frammistöðu fyrirtækja en ítreka mikilvægi þess að huga að því hvernig upplýsingarnar eru settar fram. Framsetningin má ekki vera misvísandi. Samtökin telja að í stað þess að flokka fyrirtæki í fyrsta, annan eða þriðja flokk geti komið til greina að birta lista yfir fyrirtæki sem skara fram úr hverju sinni, t.a.m. með sambærilegum hætti og Umhverfisstofnun hefur gert.

Umhverfisstofnun veitir þeim fyrirtækjum, sem fá engin frávík úr eftirlitsheimsóknum, árlega merki sem frávíkalaust fyrirtæki á viðkomandi ári. Samtökin telja slíka jákvæða nálgun fremur til þess fallna að hvetja fyrirtæki til að gera enn betur auk þess sem hún er síður til þess fallin að valda misskilningi hjá neytendum og þar með er ekki hætt við því að birtingin hafi skaðleg áhrif á fyrirtæki með fullgild starfsleyfi og sem standa sig vel en falla engu að síður í annan eða þriðja flokk samkvæmt mati eftirlitsins.

Sérstaklega er gagnrýnivert að fyrirtæki hefji starfsemi sem annars flokks eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Starfandi fyrirtæki hafa aðlögunartíma til 1. janúar 2021 en ótækt er að fyrirtæki sem hefja starfsemi eftir þann tíma verði talin annars flokks þar til stjórnvöld komast að annarri niðurstöðu. Samtökin taka þó fram að þau styðja eindregið að eftirlitsþörf taki breytingum bæði til minnkunar og aukningar eftir frammistöðu fyrirtækja.

Samtökin benda einnig á að heilbrigðiseftirlitið starfar í 10 sjálfstæðum umdæmum. Mikil hætta er á að frammistöðuflokkun eftir umdæmum verði misjöfn og að fyrirtæki fái mismunandi flokkun eftir því hvar á landinu þau eru staðsett. Dæmi um mismunandi kröfur eftir umdæmum eru þekkt og fyrirtæki sem reka svipaða starfsemi víða um land þekkja dæmi um þetta og mismunandi mat á sambærilegum tilvikum. Eins er rétt að minna á að heilbrigðisnefndir starfa á vegum sveitarfélaga sem reka umfangsmikla starfsemi sem fellur undir matvælalöggjöfina og því skapast hætta á hagsmunaárekstrum, þar sem eftirlitið þarf að meta fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna, og að einkunnagjöf til fyrirtækja sveitarfélaganna geti lotið öðrum lögmálum en til annarra.

Ekki verður heldur komist hjá því að benda á að áhættumat fyrirtækja og þar með mat á þörf og umfangi eftirlits hefur áhrif á tekjur eftirlitsstofnana þar sem kostnaður við eftirlitið er innheimtur samkvæmt gjaldskrá. Augljóst er að vinna við flokkun fyrirtækja og eftirfylgni mun kosta umtalsverða fjármuni og mikilvægt að stjórnvöld standi straum af kostnaði við þá vinnu. Einnig verður að gæta þess að umfang eftirlitsins aukist ekki án þess að þess sé raunverulega þörf.

Einnig er rétt að vekja athygli á að heilbrigðisnefndir hafa að auki eftirlit með lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 en þau eru ekki á forræði Matvælastofnunar. Starfsemi fjölda fyrirtækja fellur bæði undir þá löggjöf og matvælalöggjöfina. Heilbrigðisnefndum gæti reynst örðugt að greina á milli atríða sem varða annars vegar matvælalöggjöf og hins vegar umhverfislöggjöf við frammistöðuflokkun fyrirtækja.

Samtökin telja í ljósi alls þessa útilokað að fallast á að heilbrigðisnefndum sveitarfélaga verði falið að flokka fyrirtæki eftir frammistöðu. Áður en af því verði þurfi að koma til grundvallarbreyting á skipulagi eftirlits með fyrirtækjum. Samtökin skora á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að beita sér fyrir þeirri uppstokkun í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og lýsa sig reiðubúin að taka þátt í því starfi enda er það mjög brýnt.



Þá benda samtökin á mikilvægi þess að eftirlitsskýrslur, sem fjallað er um undir sama lið, verði einfaldar, skýrar og staðlaðar, komi til þess að þær verði birtar opinberlega. Brýnt er að fyrirtækjum verði veittur andmælaréttur með hæfilegum fresti áður en eftirlitsskýrslur eru birtar. Hætt er við því að upplýsingar sem varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja, og undanþegnar eru upplýsingarétti skv. upplýsingalögum nr. 140/2012, komi fram í eftirlitsskýrslum. Oft er erfitt að meta hvort tiltekna upplýsingar séu þess eðlis og nauðsynlegt er að veita fyrirtækjum færi á að tjá sig um efni skýrslanna. Leggja samtökin áherslu á að sérstaklega verði kveðið á um andmælarétt í ákvæðinu.

Í b. lið 2. gr. Er kveðið á um skyldu eftirlitsaðila til að greina opinberlega frá ákvörðunum sem fela í sér (a) stöðvun eða verulega takmörkun á starfsemi matvælafyrirtækis, (b) sölustöðvun og innköllun á vörum og (c) áminningu og álagningu dagsekta. Samtökin gera ekki athugasemdir við þetta. Neytendur munu þar með fá upplýsingar um alvarleg tilvik sem upp koma hjá einstaka fyrirtækjum hverju sinni og geta nýtt þær við mat á því við hvaða fyrirtæki þeir stunda viðskipti. Þá myndi birting lista um frávikalaus fyrirtæki árlega upplýsa neytendur um hvaða matvælafyrirtæki skara fram úr hverju sinni.

Samtökin benda á að samhæfa þarf reglur um matvælaöryggi og velferð dýra. Ill meðferð á dýrum hefur óhjákvæmilega áhrif á orðstír afurðanna. Samtökin leggja til að Matvælastofnun verði veitt heimild til að gera afurðastöðvum viðvart, verði stofnunin vör við alvarlega illa meðferð á dýrum, burtséð frá því hvort afurðir viðkomandi frumframleiðanda teljist í lagi.

Þá ítreka samtökin það grundvallaratriði að vandað sé til samræmingar eftirlitsins um land allt áður en birting eftirlitsniðurstaðna hefst. Hafa þarf í huga að hér er um að ræða 11 sjálfstæða aðila, heilbrigðiseftirlit og Matvælastofnun, sem þurfa að samræma starfshætti sína, verði frumvarpsdrögin að lögum.

Að lokum lýsa fulltrúar samtakanna sig að sjálfsögðu reiðubúna til að ræða efni umsagnar þessarar á fundi með atvinnuveganefnd.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Pétur Reimarsson

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Lárus Ólafsson

F.h. Samtaka iðnaðarins

Björg Ásta Þórðardóttir

F.h. SVP Samtaka verslunar og þjónustu

Lárus Ólafsson